

Fjárhagsáætlun 2017 – 2020

Tillaga fjárhagsáætlunar Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2017 ásamt 3ja ára áætlun fyrir 2018-2020 var lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs á fundi þann 16. nóvember 2016 og er byggð á grunni þess fjárhagsramma sem nefndum sveitarfélagsins var ætlað að laga sig að í endanlegri áætlanagerð.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2017-2020

- Rekstarafkoma A og B hluta samkvæmt fyrirliggjandi áætlun er jákvæð um 221 millj. kr.
- Skatttekjur hækka um 177 millj. kr. á milli árunna 2016 og 2017 og nema 3.143 millj. kr. sem er 6% hækkun.
- Útvarstekjur nema 1.768 millj. kr. og hækka um 6,7% miðað við útkomuspá fyrir árið 2016.
- Áætlað er að fasteignaskattur nemi um 349 millj. kr. sem er 5,5% hækkun frá 2016.
- Framlög Jöfnunarsjóðs nema 1.066 millj. kr. sem er 4,6% hækkun frá áætlaðri útkomu 2016. Hækkun frá fyrri umræðu nemur 46 millj. kr. og er í samræmi við nýja áætlun Jöfnunarsjóðs.
- Innri leiga á málaflokka í rammaáætlun hækkar almennt um 1,7% frá áætlun ársins 2016.
- Útkomuspá launa fyrir árið 2016 er áætluð um 1.928 millj. kr. en verða um 2.088 millj. kr. á árinu 2017 sem gerir um 8,3% hækkun á milli ára. Hækkun frá fyrri umræðu nemur rúmum 43 millj. kr.
- Í áætlun á launakostnaði er miðað við að boðaðar hækkanir á mótframlögum í lífeyrissjóði LSR og Brú taki gildi í ársbyrjun 2017 og nemur sú hækkun um 43 millj. kr. frá þeirri áætlun sem lögð var fram við fyrri umræðu.
- Framlegð (EBITDA) í A hluta er áætluð 612 millj. kr. eða 16,6% og í samstæðu A og B hluta er framlegð áætluð 894 millj. kr. eða 22%.
- Áætlun fjármagnsliða tekur töluverðum breytingum frá fyrri umræðu til samræmis við nýja verbólguþspá Hagstofu Íslands frá því í nóv 2016 þar sem spáð er 2,4% verðbólgu á árinu 2017.
- Skuldaviðmið A hluta er áætlað 144% í árslok 2016 og 98% í árslok 2020.
- Skuldaviðmið samstæðu A og B hluta er áætlað 185% í árslok 2016 og 130,8% í árslok 2020 og mun því aðlögunaráætlun sem samþykkt var árið 2012 ganga eftir og markmiðum hennar að fullu náð á árinu 2019
- Á tímabilinu 2017 til 2020 er gert ráð fyrir 80 millj. kr. lántökum í B hluta vegna veituframkvæmda.
- Á tímabilinu 2017 til 2020 lækka skuldir og skuldbindingar um 1.074 millj. kr.
- Á tímabilinu 2017 til 2020 nemur veltufé frá rekstri 3.172 millj. kr. og af þeim fjármunum verður 2.062 millj. kr. varið til afborgana af lánum.

- Jákvæð rekstarafkoma er öll árin 2017-2020

Önnur atriði sem einkenna áætlun 2017:

Ef farið er í gegnum frekari greiningu á þeirri áætlun sem hér er lögð fram eru kannski nokkur almenn atriði sem vert er að geta:

- 1) Fjárfestingar ársins 2017 í Eignasjóði eru áætlaðar 113 millj. Hækkun um 25 millj. kr. frá samþykkttri 3ja ára áætlun fyrr í vetur í ljósi hugmynda um kaup á bíl fyrir ferðaþjónustu fatlaðra og vegna viljayfirlýsingar við Hött um byggingu fimleikahúss.*
- 2) Ekki er gert ráð fyrir lántökum á árinu 2017.*
- 3) Ekki er gert ráð fyrir sölu eigna í samþykkttri 3ja ára áætlun.*
- 4) Hækkað er aftur framlag til viðhalds gatna upp í 28 millj. kr. samanborið við 17 millj. kr. á árinu 2016.*
- 5) Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Fljótsdalshéraði á árinu 2017 og eru útgjöld umfram tekjur áætluð um 20 millj. kr.*
- 6) Gert er ráð fyrir endurnýjun Tjarnarbrautar frá gatnamótum Skógarlanda að gatnamótum Tjarnarlanda og er hluti af fjárfestingaáætlun.*
- 7) Ekki liggur fyrir úrskurður yfirskattanefndar á kæru Landsvirkjunar þess efnis að Fljótsdalshérað skuli leggja á fasteignaskatt skv A gjaldstofni eða 0,5% í stað 1,65%. En sveitarfélagið vill leggja á fasteignaskatt miðað við að vatnréttindi Kárahnjúka séu skilgreind í atvinnuskyni. Munar þarna um 20 millj. kr. í hvorum flokki gjaldstofninn er og skiptir sveitarfélagið því verulegu máli hvernig því máli lyktar.*

Nánari upplýsingar veitir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.